

Loðnumjöl \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi \$ 520,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum skulu nema 50% fyrir mjöl og 65% fyrir lýsi af verðbreytingum frá viðmiðunarverði.

Verðin miðast við eif. og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við austanverða Dalbrekku frá Nýbýlavegi og í framhaldi af því skulu bifreiðastöður vera bannaðar við norðanverða götuna 10 metra til austurs.
2. Umferð um Hamraborg, frá Vallartröð að hlaði Kópavogskirkju, njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð aðliggjandi gatna, þannig að umferð þeirra víki fyrir umferð um Hamraborg, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968.
3. Strætisvögnum er heimill akstur gegn einstefnu á vegi á vestari gjáarbarmi (gamla Hafnarfjarðarvegi), á milli Borgarholtsbrautar og Hamraborgar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í hága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 10. febrúar 1981.

Leó E. Löve, fulltrúi.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar við Kirkjuveg að vestan og norðanverðu frá Strandvegi að Skólavegi.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar við Kirkjuveg að sunnan milli Brimhólabrautar og Illugagötu.
3. Skólavegur er lagður niður sem umferðagata milli Kirkjuveg og Dalavegar.
4. Ráðhúströð hefur verið lokað vestan Safnahúss og er gegnumakstur því óheimill.
5. Hólagötu hefur verið lokað við Höfðaveg.
6. Bárugata frá Vesturvegi að Vestmannabraut hefur verið lokað fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Aðdrættir til verslana við götuna verða þó leyfðir frá kl. 10 árdegis til kl. 12 árdegis eða í samráði við lögreglu. Hámarksöxulþungi skal þó vera 5 tonn.
7. Allur akstur óviðeigandi er óheimill á Bárustíg milli Brattagarðs og Strandvegar og á Kirkjuvegi milli Brattagarðs og Strandvegar.
8. Umferð um Illugagötu hefur stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Kirkjuveg. Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 15. janúar 1981.

Kristján Torfason.